

55. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 21. janúar 2020, kl. 16:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Unnur Hafstað fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Ásgeir Logi Ásgeirsson mætti ekki og Rósa Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá

1. Stefnumótun og menningarlíf

Skólameistari fór yfir menningarstefnu skólans sem finna má á vef hans (<https://www.mtr.is/is/skolinn/aaetlanir-og-stefnur/menningarstefna>). Í skólanum er starfandi menningarfulltrúi, Þórarinn Hannesson. Stefnan virkar vel og unnið er eftir henni. Engar athugasemdir gerðar og endurskoðun staðfest af skólanefnd.

2. Námsframboð skólans á vorönn

Námsframboð á vorönn er hefðbundið utan fimm áfanga sem ekki hafa verið kenndir áður. Þar er um að ræða áfangana ERLE2UV02 - U2 have a voice sem er Erasmusverkefni um lýðræðislega samræðu í nærsamfélagi og Evrópu, LEIK2US05 í samvinnu við Leikfélag Fjallabyggðar (nemendur taka þátt í uppsetningu leiksýningar, leikur, tónlist og myndlist), MOME2ME05 - matar- og menningarnám í Evrópu, MYNL1LL02 - listamenn og listastefnur og SAGA2PP05 - þungarokk og þjóðmenning. Að auki eru nú kenndir aftur áfangar í ljóðagerð, tónlist og í umhverfisfræðum.

3. Niðurstaða náms á haustönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðu haustannar. Þann 20. desember útskrifuðust 12 nemendur, 3 af félags- og hugvísindabraut, 1 af íþróttabraut - útivistarsviði, 2 af listabraut, 1 af kjörnámsbraut og 5 luku stúdentsprófi að loknu starfsnámi. Alls hafa þá 311 verið útskrifaðir frá skólanum frá upphafi. Á haustönn skilaði skólinn 165 ársnemendum sem er svipað og á síðustu vorönn (167). Starfsbraut skilaði um 5,6 ársnemum. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn er 6,6 sem er svipað og á vorönn (6,5). Fall í áföngum var að meðaltali 21% sem er hærra en undanfarnar annir og brottfall er heldur hærra síðustu annir eða 7% og hópanýting 74%.

4. Innritun, upphaf annar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir upphafi vorannar. Í upphafi annar eru skráðir 398 nemendur í skólann og þar af eru 334 með skólann sem aðalskóla. Alls voru samþykktar 197 nýjar umsóknir og 35 hafnað. Er það mesti fjöldi frá upphafi. Fjarnemar eru 310 og enn eykst aðsókn í fjarnám.

5. Önnur mál

5.1 Jafnlaunavottun

Skólameistari gerði grein fyrir stöðunni í vinnunni við jafnlaunavottunina.

Búið er að semja við vottunaraðila, Versa vottun. Stefnt er að því að vottunin

fari fram í febrúar. Enn fremur tilkynnti skólameistari að jafnréttisstefna skólans hefði verið uppfærð og jafnlaunastefna sett.

5.2 Færð og veður

Skólameistari ræddi um það ástand sem ríkt hefur vegna óveðurs og færðar. Alls hafa fjórir heilir dagar fallið niður og tveir þar sem nemendur innan að hafa ekki komist og tvisvar hafa nemendur verið sendir fyrr heim.

5.3 Heimsókn MH

Von er á hópi starfsmanna frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor á starfsdegi þann 25. maí. Munu kennarar og stjórnendur taka á mótí hópnum með dagskrá.

5.4 Vorþing SMÍ

Vorþing SMÍ verður haldið í Menntaskólanum á Tröllaskaga í vor.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.